VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

2. tbl. 21. jan. – 4. febr. 1980 300 kr.

Flugleiðir:

Hvernig er staðið að uppsögnunum?

8

Samflotið er ekki í þágu verkafólks

Kjaramálaráðstefnu ASÍ er nú lokið. Ekki verður annað sagt en að niðurstöður hennar – kröfugerðin hafi komið á óvart.

Þar var kjaraskerðingin ekki mæld nema í innan við 5 prósentustigum.

Verðbótakerfið sem ráðstefnan mælti með hafði að vísu verið samþykkt á ráðstefnu Verkamannasambandsins viku fyrr – en engu að síður vakti það furðu okkar hversu óhikað meirihlutavaldið var notað hjá ASÍ til að beygja óánægð félög og sambönd, sem þó eru að formi til sjálfstæð.

Á bls. 2 fjöllum við nánar um kjaramálin og í opnunni má lesa um viðbrögð ýmissa forystumanna stéttarfélaga við útkomunni á kjaramálaráðstefnunni.

2



Sig. Þórir 1979 Saumakonan Eig.F. þrykk á prentþrykk

Þjóðir heims mótmæla innrásinni í Afghanistan

2

Ályktun frá fundi farandverkafólks

3

10 STÆRSTU – útflytjendur – launagreiðendur

20 stóreignamenn

4 – 5

Kynnum okkur Rauðsokka – hreyfinguna

6

samtíningur

Móti rannsóknarblaðamennsku?

Ólygnar heimildir úr Alþýðubandalaginu segja að ÁI, blaðamaður Þjóðviljans, hafi verið tekin á beinið fyrir að endursegja fregnir úr Verkalýðsblaðinu af skipakaupamálunum. Frétt ÁI, sem birtist daginn fyrir kosningarnar 2. og 3. des. ku hafa stuggað illa við Árna Halldórssyni lögfræðingi á Egilsstöðum og einni af helstu sprautum Alþýðubandalagsins á Austfjörðum. Árni mun hafa notað seinni part dags þann 1. des. og báða kosningadagana til að hringja í vini sína í Bandalaginu og hvatt þá til að kjósa Framsókn. Skýringu á viðbrögðum Árna þarf ekki að leita út fyrir ættartölu hans, hann er bróðir Ásgríms Halldórssonar, sem er faðir Halldórs Ásgrímsonar.

□ □

Erfitt að telja

Eitt furðufyrirbæri kemur ætíð upp á yfirborðið hérlendis við eitthverjar aðgerðir í stíl við mótmæli "Lýðræðissinnaðrar æsku" gegn innrás Sovélríkjanna í Afghanistan hér um dagin. Þetta fyrirbæri er hið tiltölulega einfalda mál að kasta tölu á þátttakendur hinna ýmsu aðgerða. Þjóðviljinn segir "150 - 200 manns mótmæltu...hernaðarfhlutun Sovétríkjanna.." – en Morgunblaðið segir "Milli tvö og þrjúhundruð...". Það verður að segjast að hér munar ekki miklu miðað við ýmsar aðrar aðgerðir - t.d. á vegum herstöðvarandstæðinga, þá eru þúsundir manna látnar hverfa eða birtast eftir því hver á í hlut.

□ □

Til vopna...

EIK (m-l) eru skelegg samtök og til alls vís. Dagblaðið sýndi okkur eina hlið samtakanna þegar sagt var frá mótmælum EIK vegna innrásarinnar í Afganistan. Af myndatexta blaðsins mátti ráða að tveir eikarar hefðu gripið til vopna af þessu tilefni. Ekki fylgdi það sögunni hvar hermenn eikarinnar stóðu - en út frá þekkingu okkar á téðum félagsskap freistumst við til að halda að þeir hafi verið fyrir utan sovéska sendiráðið.

□ □

Vinningur léttvægari en tap

Sennilega hafa Sovétríkin ekki búist við að þjóðir heims yrðu jafn einhuga í afstöðu sinni. Þau hafa vafalaust reiknað með, að þetta myndi jafna sig. Þannig var það er Víetnamar réðust inn í Kampútseu. Þá mótmæltu flestar þjóðir innrásinni, en í kjölfar hennar komu engar refsiaðgerðir að gagni gegn Víetnam eða Sovétríkjunum.

Sovétmenn reiknuðu dæmið þannig að þessu sinni, að með innrásinni næðu þeir varanlegri fótfestu í Austurlöndum nær og tryggðu aðstöðu sína til hernaðarlegra- og pólitískra aðgerða í Miðausturlöndum. Fyrir þetta voru þeir reiðubúnir að fórna skammærri kreppu í alþjóðasamskiptum. En raunin varð önnur. Með innrásinni opnuðust augu umheimsins fyrir því að Detente-stefnan, sem Brésnef er aðalhöfundur að, er ekki annað en illa gerð hula til að slá um raunverulegt útþensluáform Sovétríkjanna.

Auk pólitískrar einangrunar Sovétríkjanna, hefur innrásin skapað efnahagslega og menningarlega einangrun. Með Bandaríkin í fararbroddi hefur verið sett kornsölubann á Sovétríkin.

Sovétríkin eru ekki sjálfum sér næg um matvælaframleiðslu, og kornsölubann hefur því þær afleiðingar að Sovétmenn neyðast til að fjárfesta í landbúnaði, en hægja á fjárfestingum í iðnaði. Til viðbótar kemur, að iðnríki V- Evrópu, Japan og Bandaríkin neita nú að selja Sovétmönnum mikilvægan tæknibúnað, og það

Sovéskur skriðdreki í Kabúl.

Með innrás sinni í Afghanistan hafa Sovétríkin náð að vekja upp reiðiöldu um allan heim, og einangra sig frá öllum utan nánustu samstarfs- og leppríkjum sínum. Efnt hefur verið til mótmælaaðgerða víða um lönd, og ríkisstjórnir og þjóðfrelsishreyfingar hafa verið einhuga í fordæmingu á innrásinni. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna greiddu 104 ríki atkvæði með tillögu er fordæmdi innrásina og krafðist tafarlauss brottflutnings alls sovésks herliðs frá Afghanistan.

Þjóðir heims mótmæla innrásinni í Afghanistan

erlent viðhorf

veldur erfiðleikum í sovéskum iðnaði. Þá hafa fjölmargar þjóðir hótað að hætta við menningarleg samskipti við Sovétríkin, þ.á.m. við þátttöku sína í Ólympíuleikunum í Moskvu á næsta sumri. Sovétríkin eiga enn í bardögum í Afghanistan, og allt bendir til þess að innrásin hafi verið mikil mistök sem færi þeim svita og tár í stað valdaaðstöðu.

Hvað getur Ísland gert?

Verkalýðsblaðið er þeirrar skoðunar, að Ísland ætti að fylgja mótmælum

sínum eftir, og draga úr öllum samskiptum við Sovétríkin. Þetta inniber, að dregið verði úr olíukaupum og öðrum viðskiptum, en aflað verði markaða annars staðar fyrir sjávar- og landbúnaðarafurðir sem nú eru seldar til Sovétríkjanna. Dregið verði úr öllum menningarsamskiptum við Sovétríkin, og þátttaka íslenskra íþróttamanna á Ólympíuleikunum verði endurskoðuð. Þá verði vísindasamstarfi slitið.

Verkalýðsblaðinu er fullkunnugt um, að Rannsóknarráð Ríkisins hefur veitt sovéskum vísindamönnum starfsleyfi hér á landi, gegn vilja íslenskra vísindamanna sem fengnir hafa verið til að koma með umsögn um leyfisveitingar.

Innrásinni verður að mótmæla!

Allt frá síðari hluta sjötta áratugsins hafa hernaðarumsvif Sovétríkjanna verið að aukast: Hver man ekki eftir Tékkóslóvakíu, Angóla, Erítreu, Yemen, Laos, Kampútseu og nú Afghanistan? Alþýðu manna verður að vera það ljóst, að innrásin í Afghanistan er af sama meiði og innrásin og þjóðarmorðið í Kampútseu. Þetta er verk risaveldis sem skirrist ekki við að leggja ok sitt yfir smáþjóðir. Þess vegna verðum við að mótmæla innrásinni. Karl.

Fyrir einu og hálfu ári síðan blésu foringjar Alþýðusambandsins í herlúðra og fylktu alþýðu manna til sóknar í stað varnarbaráttu.

Stóri sigurinn vannst og vinstri stjórnin sáluga færði verkalýðnum samningana í gildi, félagsmálapakka og vísitöluþök o.þ.h. á silfurfati.

Nú virðist hins vegar brostinn flótti í liðið - a.m.k. forystuliðið. Nú er ekki lengur talað um að sækja meira gull í greipar atvinnurekenda eða græna skóga úr ríkisbákninu. 60% verðbólga sem bætist ekki nema að fjórum fimmta hluta í kaupvísitölunni veldur ekki hærri kaupkröfum af hálfu ASÍ en 5%. Líklegast semja þeir um að fá þessi fimm prósent í áföngum á tveim til þrem árum?

Það er grundvöllur fyrir kauphækkun

En er grundvöllur fyrir þó ekki væri nema kröfugerð sem væri stærri í sniðum - maður talar varla nú orðið um kauphækkun?

Atvinnurekendurnir segja þvert nei og alþýðusambandsforingjarnir segja nei, en það nei er öllu loðnara.

Vaninn er að vísa í hækkun og lækkun þjóðartekna. Hagfræðingarnir segja okkur að þjóðartekjur hafi lækkað á síðasta ári og engar líkur séu á því að þær hækki á þessu. Auk þess séu flest atvinnufyrirtæki á heljarþröminni.



Kjaramálaráðstefna Verkamannasambandsins. VMSÍ lagði línurnar fyrir öll önnur verkalýðssamtök.

Samflotið er ekki í þágu verkafólks

innlent viðhorf

Skipting þjóðartekna er ekki réttlát

Fulltrúar verkalýðsfélaganna á kjaramálaráðstefnu ASÍ hafa gengist inn á þessa röksemdafærslu. Þeir samþykktu það að skerðing vísitölu vegna versnandi viðskiptakjara væri ekki í eðli sínu kjaraskerðing.

En hvað þýðir það í raun að sveiflur þjóðartekna séu notaðar sem viðmiðun í kaupkröfum verkafólks? Það þýðir að verkalýðurinn samþykki að núverandi skipting þjóðartekna, að núverandi arðrán auðvaldsins á alþýðunni, sé ekki bara réttlátt heldur og óbreytanlegt. Alþýðusambandsforingjarnir hafa lagst svo lágt.

Risarnir stækka – og stækka

Versnandi staða atvinnufyrirtækjanna er önnur báðbiljan. Annars staðar í Verkalýðsblaðinu kemur fram að metár sé hjá Sölumiðstöðinni. Hjá SÍS er svipað. Í nýútkomnu fréttabréfi SÍS segir að magnaukning á frystiafurðum hafi verið um 24-25% og verðmætisaukning töluvert meira. Eimskip keppist við að kaupa samkeppnisaðilana ásamt Flugleiðum sem kaupa fyrirtæki og stofna ný úti í löndum. Það er einhvers staðar maðkur í mysunni. Hvernig fara þessi stærstu fyrirtæki landsins að þessu, á meðan allt er í kaldakoli? Alþýðusambandsforingjarnir virðast ekki spyrja þeirrar spurningar - heldur gleypa við ósoðnum staðhæfingum atvinnurekenda.

Samblásturs er þörf

Gegn stéttasamvinnu Alþýðusambandsforingjanna verður framsækið fólk í landinu að snúast. Samblástur gegn miðstýringarvaldi stéttarsamvinnunnar - fer að verða knýjandi nauðsyn. Það þarf að ýta við hikandi forystumönnum stéttarfélaga sem ekki sætta sig við vinnubrögð ASÍ. Það verður ekkert samflot brotið upp nema einhver verði til þess, eigi frumkvæði að því. En umfram allt verður að leita beint til almennra félagsmanna stéttarfélaganna og treysta á stuðning þeirra.

óhs.

VBL

Útgefandi: Einingarsamtök kommúnista (marx-leníníistar)
Ritstjóri og ábm.: Ómar Harðarson
Aðsetur: Frakkastígur 14 (í húsnæði Októberbúðarinnar)
Opnunartími: kl. 8.30 – 12.30 alla virka daga
Sími: 29212
Pósthólf: 5186, 125 Rvík.
Gírónr.: 12200-9
Prentað í Jósepsprent s.f.

Umræðuna um stríðshættuna þarf að taka föstum tökum

Innrás Sovétmanna í Afganistan hefur vakið reiði víða um heim. Fjöldi ríkisstjórna hefur fordæmt innrásina í yfirlýsingum. Á allsherjarþingi SÞ var yfirgnæfandi meirihluti aðildarríkja fylgjandi fordæmingu á innrásinni og kröfu um að Sovétríkin drægju þegar í stað herlið sitt úr Afganistan.

Ljóst er að innrásin hefur varað þjóðir heimsins við þeirri hættu sem heimsfriðnum stafar af útþenslu- og drottnunarstefnu Sovétríkjanna.

Afstaða íslenskra kommúnista

Íslenskir kommúnistar fordæma innrásina sem algert brot á sjálfsákvörðunarrétti afgönsku þjóðarinnar og krefjast tafarlauss brottflutnings sovéskra herja úr landinu.
Innrásin og þær auknu viðsjár í heiminum sem leiða af henni, gerir kröfur til þess að samtökin taki til gagngerrar umræðu stöðu Íslands á alþjóðavettvangi og hvaða stjórnlist beri að leggja upp fyrir landið gagnvart aukinni hættu á heimsófriði.

Treystum á alþýðuna

Umræðan er rétt að hefjast. Það er ljóst að íslenskir kommúnistar geta ekki hallað sér að Bandaríkjunum í andstöðu sinni við útþenslustefnu Sovétmanna. Hagur íslenskrar alþýðu verður ekki varðveittur með því að hafna öðru risaveldinu og fela sig á vald hinu. Íslensk alþýða er og verður eini aðilinn sem getur staðið vörð um sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar. Það verður hún að gera með öllum tiltækum ráðum. Það er ekki nóg að gera það með því að reka herinn burt og segja Ísland úr NATO. Hlutleysi eins og alþýðubandalagsmenn leggja til er einskis nýtt, því innrás Sovétmanna í Afganistan svo og framferði Bandaríkjamanna á undanförnum áratugum sýnir svo ekki verður um villst að risaveldin svífast einskis þegar um eigin hagsmuni er að tefla.

EIK (m-l) hafa það stefnuskrárbundið að alþýðuna verði að vopna til að verja sjálfstæði landsins. Af þessari afstöðu þarf nú að dusta rykið og hefja umræðu.

ÓHS



Lönd eru varin með vopnum. Varla verður Ísland varið með þessum forngrip.

Ályktun frá fundi farandverkafólks

Baráttan fyrir bættum kjörum ætti að vera sérstakt kappsmál

Fundur haldinn þ. 6. janúar 1980 í Félagsstofnun stúdenta v/Hringbraut um málefni farandverkafólks, vekur athygli á að þrátt fyrir erfið lífskjör alls verkafólks í landinu verður farandverkafólk tvímælalaust að teljast sá hópur verkalýðsstéttarinnar, er minnstra réttinda nýtur og býr við lökustu kjör.

Fundurinn bendir á að enn er á Íslandi verkafólk, sem verður að ferðast á milli staða til þess að selja vinnuafl sitt á lægsta verði, án þess að fá nokkurn ferðakostnað greiddan, býr oft og tíðum við afar slæman húsakost og á sífellt yfir höfði sér fyrirvaralausan brottrekstur eftir geðþótta stöðvarvaldsins.

Fæðiskostnaður þessa hóps er oft um 70% af dagvinnutekjum þess, sem veldur því að það kemst í skuld við stöðvarvaldið ef vinna dregst saman, og vegna skipulagsleysis verkalýðshreyfingarinnar er þetta fólk oft réttlaust gagnvart hreyfingu sinni hvað snertir greiðslur úr sjúkra- og styrktarsjóðum, verkfallsbótum, atvinnuleysistryggingum og hefur ekki atkvæðisrétt í kjaradeilum.

Félagsleg staða þessa fólks er hliðstæð því sem gerðist meðal meginþorra íslenskra verkalýðsstéttar, er hún í upphafi reis til skipulagðra átaka við umhverfi sitt. Baráttan fyrir bættum kjörum og aðbúnaði þess ætti því að vera verkalýðshreyfingunni allri sérstakt kappsmál...

Fundurinn skoraði á farandverkafólk um land allt að taka hagsmunamál sín til umræðu, halda fundi á verbúðum sínum, eða á vinnustöðum, og búa sig undir að fylgja kröfum sínum eftir í komandi samningalotu.

Jafnframt skorar fundurinn á farandverkafólk að sækja þá fundi á verkalýðsfélögum á hverjum stað og taka þar upp málefni sín.

Baráttuhópur farandverkafólks mun koma sér upp húsnæði og síma til þess að farandverkafólk á komandi vertíð geti haft samband hvert við annað og hægt verði að tengja saman krafta alls farandverkafólks í landinu fyrir bættum kjörum þess og annars verkafólks til sjós og lands.

Farandverkafólk opnar skrifstofu

Farandverkafólk hefur nú opnað skrifstofu að Lindargötu 9. Skrifstofan er opin alla virka daga frá 16.00 – 18.30. Síminn er 17996.



Frá fundi farandverkafólks í Félagsstofnun stúdenta. Á henni eru, talið frá hægri: Silja Aðalsteinsdóttir, Katarzyna Kasprzyk-Copeland, Gunnar Karlsson, Erla Sigurðardóttir og Þorlákur Kristinsson.

Hroðalegt Verkalýðsblað – 112 prentvillur í 1. tbl.

Fyrsta tölublað Verkalýðsblaðsins á nýju ári var í einu orði sagt hroðalegt, eins og menn hafa eflaust tekið eftir. Við lauslega yfirferð taldist undirrituðum til að prent- og málvillur í blaðinu væru 112 – hundrað og tólf –.

Sumar villurnar urðu ansi meinlegar. Í grein á annarri síðu um innrás Rússa í Afghanistan stóð t.d. "MPLA foringjar f Angóla auk vopna aðstoð frá Sovétríkjunum." Gersamlega óskiljanlegt. Í handriti stendur: "MPLA foringjar í Angóla báðu um aðstoð og Rússar sendu Kúbuhermenn til Angóla auk vopna. Víetnam heldur Laos og Kampútseu í herklóm með aðstoð frá Sovétríkjunum." Í sömu grein er sagt að innrásin í Afghanistan sé "Bandaríkjunum ný lína í viðbót við Íran". Hér á sjálfsagt að standa "ný víglína".

Í grein um nýjan ritstjóra segir að nauðsynlegt sé að "skipta fyrir ritnefndinni". Hér á að standa "skipta um forystu fyrir ritnefndinni".

Í grein á 6. síðu "Eru mistök í aðsigi" segir undir lokin að breiðfylking þurfi að vera afrakstur hreyfingar sem sé "fálmandi í fyrstu en vaxandi að meðvitund, styrk og fjöldaþátttöku fyrst og fremst hreyfing". Þarna á að standa:"...vaxandi að meðvitund, styrk og fjöldaþátttöku. Breiðfylking er ekki bara skipulagsform heldur fyrst og fremst hreyfing."

Á baksíðu er illa farið með Guðfreð Jóhannesson. Hann er látinn borða 90.000 kr. á mánuði fyrir eitt flet og eina máltíð fimm daga vikunnar. Guðfreður þurfti að sjálfsögðu að borga peningana.

Úrræðin til að bæta VBL að þessu leyti eru fyrir hendi. Í fyrsta lagi verður undirritaður að lesa handritin betur yfir. Í öðru lagi verður vélritari blaðsins að vanda sig.

Í þriðja lagi verður að prófarkalesa blaðið oftar en einu sinni. Til prófarkalesturs vantar okkur mannskap (sjá auglýsingu annars staðar í blaðinu).

Ómar Harðarson

Bandaríkin: Ku Klux Klan vinna hryðjuverk

3. nóv. sl. réðust vopnaðir meðlimir Ku Klux Klan á mótmælagöngu í Greensboro í Bandaríkjunum og myrtu 5 þátttakendur. Þessi morð hafa komið af stað mikilli öldu mótmæla gegn KKK um allt landið, og fjöldi samtaka og einstaklinga hefur bundist í hreyfingu gegn hryðjuverkum KKK.

KKK var stofnað í Tennessee fyrir rúmum 100 árum, 24. des. 1865. Yfirlýst markmið hreyfingarinnar frá upphafi hefur verið að berjast gegn mannréttindabaráttu negra og annarra minnihlutahópa. Talið er að frá stofnun sinni hafi KKK tekið af lífi um 10.000 manns. Til að sá hræðslu og örvæntingu meðal minnihlutahópa hafa samtökin sérstaklega iðkað hrottalegar hegningar á almannafæri.

Í kjölfar dýpkandi kreppu og efnahagslegs óstöðugleika í Bandaríkjunum eru samtökin aftur farin að láta á sér kræla, eftir nokkura ára lægð í starfseminni. Minnugir 10000 fórnarlamba eru mannréttindahreyfingar í Bandaríkjunum staðráðnar í að láta til skarar skríða og kveða hreyfinguna niður.

(The Call, 44 1979)

Á 4. landsþingi EIK (m-l) í nóvember s.l. var samþykkt ályktun um sameiningu íslenskra kommúnista. Fól hún í sér svo mikilvæga breytingu á stefnu samtakanna í þessu máli að nú virðist sameining þeirra og KFÍ/ML vera í sjónmáli.

Ályktun 4. landsþingsins lá ekki fyrir þinginu í formi uppkasts, heldur var hún unnin á þinginu sjálfu eftir mismiklar umræður í grunneiningum samtakanna. Ber hún þess nokkur merki að því leyti að hún nefnir aðeins að litlu leyti ástæður stefnubreytingarinnar. Ályktunin vekur því ýmsar spurningar sem hún svarar ekki sjálf.

Yfirlýsing frá EIK (m-l) varðandi sameiningu íslenskra marx-lenínista

Harðlínustefna allt frá stofnun

Umtalsverðar breytingar á EIK (m-l) skipta mestu máli varðandi þessa breyttu afstöðu. Í ársbyrjun 1979 hófust miklar umræður innan samtakanna um hversu réttri baráttufræði og stjórnlist þau hefðu ráðið yfir og beitt til þessa. Því fer fjarri að þessar umræður séu til lykta leiddar með einhvers konar heildarmati á sögu samtakanna.

EIK (m-l) hafa allt frá stofnun rekið mikla harðlínustefnu og staðhæft að samtökin væru "tær og hrein" marx-lenínísk samtök og þurfi að vera sammála um alla hluti, sama hvort um er að ræða grundvallaratriði eða minniháttar mál. Þessi pólitíska stefna EIK (m-l) er ein meginorsökin fyrir því að ekki hefur orðið af sameiningu EIK (m-l) og KFÍ/ML.

En því fer þó víðs fjarri að þau hafi varpað þessari stefnu að fullu fyrir róða. Þau hafa þó til þess fullan vilja og telja sameiningu samtakanna tveggja mikilvægan lið í uppgjöri við ranga stefnu og starfshætti.

"Sameiningarbaráttan"

Síðla árs 1976 settu EIK (m-l) fram svokallaðan sameiningargrundvöll. EIK (m-l) gerðu kröfur um að KFÍ/ML svaraði og samþykkti sameiningargrundvöllinn. Samtökin héldu því fram að þessi grundvöllur væri hin eina rétta marx-lenínísta stefna við íslenskar aðstæður.

Jafnframt var nokkru seinna lýst yfir því, að við KFÍ/ML yrði á meðan hann svaraði ekki, ekki höfð nein samvinna fremur en við aðra hentistefnuflokka eða -samtök.

EIK (m-l) gerðu heldur enga alvarlega tilraun til að greina KFÍ/ML sem öðru vísi og "skárri" samtök en Fylkinguna eða Alþýðubandalagið.

Tímamót

Könnunarviðræður EIK (m-l) og KFÍ/ML vorið 1979 ásamt samvinnu þeirra á 1. maí og í Andófi 1979 marka tímamót í samskiptasögu samtakanna. EIK (m-l) höfðu frumkvæði að viðræðum og tóku þátt í þeim þrátt fyrir að KFÍ/ML hefði þá ekki gefið út neinar yfirlýsingar til að uppfylla fyrri skilyrði EKI (m-l) um uppgjör. Þannig stigu EIK (m-l) fálmandi og lítt meðvituð fyrsta skref sitt til þeirrar stefnubreytingar sem 4. landsþingið samþykkti. Í þessum viðræðum kom í ljós að minna bar á milli samtakanna tveggja en áður hafði verið talið. Yfirlýsing KFÍ/ML í kjölfar viðræðnanna um að KSML hafi ekki verið marx-lenínísk þegar við stofnun skiptir hér miklu.

Liður í uppbyggingu kommúnistaflokks

Ýmsar blikur eru á lofti meðal framsækins fólks á Íslandi. Skjótt kunna veður að skipast í lofti. Eigi að mynda nothæfan baráttuflokk verkalýðsstéttarinnar verður sá flokkur að ráða yfir marxisma. Hvorki EIK (m-l) né KFÍ/ML hvor í sínu lagi eru nú fær um að sameina alla þá sem vilja byggja upp verkalýðssinnaðan baráttuflokk. Til þess að slíkur flokkur verði raunverulegt forystuafl verða þeir, sem eru skipulagðir sem kommúnistar í dag, að leggjast á eitt. Sameining EIK (m-l) og KFÍ/ML er því fyrsta sporið í átt til þess að kommúnistaflokkur verði til.

Forsagan er ekki dauður hlutur

Margir hafa spurt um hvort láta eigi forsögu samtakanna tveggja liggja milli hluta, dauða handa sagnfræðingum 21. aldar að föndra við. Það er all-einhlítur mælikvarði á heiðarleika og alvöru stjórnmálasamtaka að gera upp við eldri stefnu hafi hún reynst slæm og verið lögð til hliðar. Hætt er við að stefnubreyting standi ekki föstum fótum nema samtökin geri sjálfum sér og öðrum grein fyrir hvers vegna breytt er um stefnu.

EIK (m-l) telja, bæði af framansögðu og fjölmörgu sem hér er ekki nefnt, að best sé að uppgjör marx-lenínísku hreyfingarinnar á Íslandi sl. áratug fari fram í einum samtökum í umræðum og átökum um stefnu og starf framtíðarinnar. Þannig er það tryggt að forsagan bíður ekki handa fræðimönnum, heldur verði dregnir af henni lærdómar til að nota við framhald starfsins nú þegar.

Samþykkt á fundi miðstjórnar EIK (m-l) í janúar 1980.

(Millifyrirsagnir Frá VBL)

10 STÆRSTU

Hér birtum við lista yfir 10 stærstu útflytjendur landsins og 10 stærstu launagreiðendur. Síðari listinn er fengin að láni frá Frjálsri verslun.

Með því að bera saman listana má í grófum dráttum gera sér grein fyrir einokunarauðvaldinu á Íslandi. Þeir gefa hins vegar alls ekki nákvæma mynd. Sem dæmi má nefna SÍS. Raunverulega ætti að telja öll kaupfélögin og öll hlutafélög á vegum samvinnuhreyfingarinnar til SÍS til að fá rétta mynd. Sama má segja um Sölumiðstöðina, hana vantar tilfinnanlega á launagreiðendalistann, enda teljast aðildarfyrirtækin sjálfstæð að formi til.

– útflytjendur

Nafn	Verðmæti í millj.kr.	Hlutfall af útflutn. 50 stærstu
1. Sölumiðstöð Hraðfrystihús.	47.050	28%
2. Samband ísl. samvinnufélaga	25.173	15%
3. Íslenska álfélagið hf.	23.811	14%
4. Samband ísl.fiskframleiðenda	17.892	10.5%
5. Síldarverksmiðjur ríkisins	8.873	5%
6. G. Albertson (fiskafurðir)	4.570	2.5%
7. Síldarútvegsnefnd	4.172	2.5%
8. Bernard Petersen hf (fiskaf.)	3.653	2%
9. Samlag skreiðaframleiðenda	3.368	2%
10. Lýsi hf.	2.792	1.5%

– launagreiðendur

Nafn	Greidd laun í millj. kr.
1. Flugleiðir hf.	5.512
2. Samband ísl. samvinnufélaga	4.406
3. Eimskipafélag Íslands hf.	
4. Landsbankinn	
5. Kaupfélag Eyfirðinga, Akur	
6. Íslenska álfélagið hf	
7. Útgerðarfélag Akureyringa	
8. Sláturfélag Suðurlands	
9. Síldarvinnslan Neskaupssta	
10. Íslenskir Aðalverktakar	

Marxismi einokuna auðvaldið

Í stefnuskrá EIK (m-l), Baráttuleið alþýðunnar (2. útg.) segir að á Íslandi sé auðvaldskerfi á einokunarstigi. Lenín, sem dró saman og jók við kenningar marxismans um einokunarauðvald og drottnunar- og útþenslustefnu þess (heimsvaldstefnu), nefnir 4 einkenni þjóðfélagskerfis á einokunarstigi:

1. Í stað frjálsrar samkeppni verður einokun og fámennisveldi æ meira áberandi í efnahagslífinu.
2. Iðnaðar-, verslunar- og bankaauðmagn rennur saman.
3. Fjármagnsútflutningur verður mjög áberandi.

„Foringjar á fóninum“

Verkalýðsblaðið hringdi í nokkra forystumenn stéttarfélaga og sambanda og spurði þá um álit þeirra á samþykkt kjaramálaráðstefnu ASÍ sem haldin var nýlega um kröfugerð í komandi samningum. Auk þess reyndum við að inna þá eftir því hvaða áhrif samþykktin hefði á samstöðuna innan verkalýðshreyfingarinnar – hvort hið dýrmæta samflot væri í hættu.

Ásmundur Stefánsson, fr.kv. stjóri ASÍ

– Þetta er það sem samstaða náðist um

Verkalýðsblaðið hafði samband við Ásmund Stefánsosn, Framkvæmdastjóra ASÍ.

VBL: Ásmundur. Er raunhæft að leggja aðeins fram 5% grunnkaupshækkun?

"Kröfugerð Alþýðusambandsins gengur nú út á meira en 5%. Varðandi þau sérstaklega fer mat manna á þeirri skerðingu sem orðið hefur nokkuð eftir því hvernig þeir skoða breytingarnar sem gerðar hafa verið á vísitölukerfinu. Nefna má félagslega umbæturnar sem deila má um hvað hafi vegið mikið, en tæplega er hægt að þræta fyrir að þar hafi eitthvað komið á móti. Hækkun olíustyrks má nefna sem menn eru nokkuð ásáttir við. Síðan fer annað eftir því hvert menn telja að taka eigi tillit til þeirra breytinga á þjóðartekjum sem hafa leitt af rýrnandi viðskiptakjörum."

VBL: Verður samþykkt kjaramálaráðstefnunnar til að efla samstöðuna innan ASÍ?



Ólafur Emilsson, formaður HÍP

Verkalýðsblaðið náði tali af Ólafi Emilssyni, formanni Hins íslenzka prentarafélags.

Ólafur sagði að samþykkt kjaramálaráðstefnu ASÍ gengi gegn afstöðu Prentarafélagsins varðandi fyrirkomulag verðbóta á laun.

"Á félagsfundi hjá okkur í nóv. s.l. ræddum við hvernig standa ætti að samfloti og sendum ASÍ bréf þess efnis. Í því kemur fram, að launasamningar hafi verið gerðir í hálfgerðum feluleik á undanförnum árum þar sem aldrei hafa komið fram raunveruleg dagvinnulaun allra hópa nema þeirra lægstlaunuðu. Það hefur því ekki verið unnið út frá raunverulegum grunni. Vegna þessa lagði félagið til, að hvert og eitt verkalýðsfélag semdi beint við sína viðsemjendur um launakjör, sérkröfur og síðast en ekki síst um samningstímann, sem ætti að vera mismunandi eftir starfsgreinum. Sú aðferð myndi rjúfa hið mikla miðstjórnarvald vinnuveitenda og gera starfsmönnum þeirra samtaka erfiðara fyrir að hafa varðstöðu í öllum samningaviðræðum.

VBL: Mun HÍP þá vera með í samflotinu?

"Ég hefði óskað að ASÍ myndi nota tímann betur til að kanna ítarlega hver raunveruleg dagvinnulaun eru, því þá hefði komið í ljós hverjir hafa mestu þörfina fyrir launahækkun. Ég er viss um að sú könnun hefði ekki leitt til þeirrar nið-

	3.814
	2.995
eyri	2.965
	2.914
hf	1.864
	1.490
ð	1.358
	1.342

inn um
ar
ð

4. Einokunarvaldið tekur þátt í uppskiptingu heimsins í markaðssvæði.

Skoðum þessi atriði í ljósi úttektarinnar á stórlöxum hér á síðunni.

Ef miðað er t.d. við veltu, starfsmannafjölda eða aðstöðugjöld þá er ljóst að þessir "20 stóru" og SÍS-hópurinn ráðskast með stóran hluta íslensks efnahagslífs, sérstaklega iðnað, samgöngur og fjármál.

Á setu einstakra manna í bönkum og sjóðum annars vegar og fyrirtækjum hins

frh. á síðu 7.

20 stóreignamenn

Margir eignamenn eru kapitalistar

Þótt einhver eigi fasteign eða handbært fé þá er hann ekki endilega auðmaður eða kapítalisti eins og það kallast. Þeir einir eru auðmenn sem nota fasteign, framleiðslutæki og fé – einu nafni auðmagn – til þess að ávaxta það með annarra vinnu eða gjöldum.

30 milljón kr. íbúð, bíll eða sumarbústaður er eign sem forri fólks kaupir fyrir laun sín og nýtir sjálft. Lítill hluti þjóðarinnar nýtir verðmætin sem verkafólk skapar til að fjárfesta í stóreignum, t.d. atvinnu- og íbúðarhúsnæði, verksmiðju eða villu uppá mörg hundruð milljónir króna. Og nú síðustu ár hafa auðmennirnir keypt fleiri jarðir í sveitum landsins.

Hverjir eru þessir menn? VBL reyndi að leita uppi stóreignamenn í Reykjavík. Árangurinn sést hér þegar farið er eftir eignarskatti skv. skattskrá.

Eignaskattur sem mælikvarði á stóreignamenn

Árið 1979 reiknaðist eignaskattur 1.2% af hreinni eign (eignir að frádregnum skuldum) einstaklinga, sem var hærri en 11.400.000 kr. af hreinni eign umfram 17.100.000 kr. hjá hjónum. Helstu eignir, sem eignaskattur reiknast af eru fasteignir, skip, flugvélar, bifreiðar, hlutabréf, skuldabréf, ýmsar peningainnistæður o.fl.

En framtaldar eignir eru margar hverjar vanmetnar til skatts. Þannig eru hlutabréf yfirleitt talin fram til skatts miðað við stofnverð þeirra en söluverð getur verið mörg hundruð ef ekki þúsund sinnum hærra. Þá eru fasteignir taldar fram á fasteignamatsverði, sem iðulega er heldur lægra en raunvirði. Bifreiðar skip og flugvélar o.fl. voru við álagningu 1979 taldar fram á stofnverði sem fljótt verður óraunhæft í óðaverðbólgu.

Með fyrirvara um eignamatið má reikna út eignir manna í árslok 1978 út frá eignarskatti 1979.

Hvað segir skattskráin?

Skattskrá Reykjavíkur árið 1979 sýnir, að rúmlega 120 einstaklingar greiða eignaskatt yfir eina milljón króna. Það þýðir, að þeir eiga hreina eign að verðmæti yfir 83.000.000 kr. Hér verður að ítreka fyrirvarann um framtalið verð hlutabréfa. Af þeim sökum vantar ýmis "þekkt" stóreignamannanöfn í hópinn.

Vbl. tíndi til þessa 120 stóreignamenn og birtum að þessu sinni nöfn 20 hæstu eignarskattsgreiðendurna.

	Nafn	Eignarskattur í millj.	Hrein eign u.þ.b. í millj. kr.
1.	Þorvaldur Guðmundsson, stórkaupmaður	11.487	957.250
2.	Pálmi Jónsson, stórkaupm.	9.037	753.083
3.	Guðmundur Þengilsson	6.519	543.250
4.	Þorkell Valdimarsson x	6.076	506.333
5.	Sigríður Valdimarsdóttir x	5.837	486.416
6.	Gunnar B. Jenss. húsasm.	4.144	345.333
7.	Hannes Guðmundsson, sendiftr.	4.026	335.500
8.	Emil Hjartarson, húsg.sm.	4.026	335.500
9.	Hjalti Geir Kristjánsson húsg. arkitekt.	3.888	324.000
10.	Sveinn Valfells, frkv.stj.	3.864	322.000
11.	Karl Lúðvíkss. apótekari	3.722	310.166
12.	Guðni Þórðarson, frkv.stj.	3.252	271.000
13.	Jón Bjarnason, hrl.	3.145	262.083
14.	Gunnar Jónasson, forstj.	2.863	238.583
15.	Emanúsl Morthens, forstj.	2.749	229.083
16.			
17.	Júlíus Stefánsson	2.553	212.750
18.	Sigfús Jónsson, múr.m.	2.534	211.166
19.	Ingólfur Guðbrandsson, forstjóri	2.487	207.250
20.	Stefán Ó. Gíslason, sigl.fr.	2.477	206.416

x Börn Valdimars í "Silla og Valda".

viðtal Verkalýðsblaðsins



Haraldur Steinþórsson, framkvæmdastjóri BSRB – Engin viðbrögð

Verkalýðsblaðið hringdi í Harald Steinþórsson, framkvæmdastjóra BSRB og spurði hann um viðbrögð í þeim herbúðum við kröfugerð kjaramálaráðstefnu ASÍ. Hann sagði að viðbrögð BSRB væru engin, þar hefði ekki verið fjallað um þetta.

Haraldur var þá spurður um persónulegt álit sitt á kröfugerðinni og hvort hún setti opinberum starfsmönnum einhverjar skorður í launabaráttu sinni. Haraldur girti þá þvert fyrir að nokkuð álit væri eftir sér haft.

Haraldur Steinþórsson hefði þó ekki þurft að tregðast við að lýsa persónulegu áliti sínu. 10.jan. sl. endurprentaði Þjóðviljinn grein eftir hann úr Morgunblaðinu það sem hann segir eftirfarandi um vísitölufikt til launajöfnunar á borð við kröfurkjaramálaráðstefnu ASÍ:



Vísitölufiktið hefur brugðist

Vísitöluskerðingar með svokallaðri „krónutölureglu" eða „vísitölujöfnun" hafa verið margendurteknar af stjórnvöldum. Aldrei hafa þær þó ráðið neina bót á vandanum, heldur jafnan skapað nýtt og aukið misrétti.

Ástæðurnar eru líka augljósar hverjum þeim, sem grandskoðar þessi tvö uppáhaldsráðstafanir stjórnmálamanna sem fjölmiðlar hafa magnað.

Launaáhrifin í þjóðfélaginu eru fjölmargir – og er grunnkaupið aðeins einn af mörgum. Hinir heita ýmsum nöfnum – námskeiðsálag – yfirvinnuálag – helgarálag – verkfærisálag – bónushækkun – upptalningarálag – verkstjórnarhækkun – aflahlutur – fæðispeningar – aldurshækkun – starfsþjálfunar-

hækkun – [illegible] – persónu- og barnafrádráttur – [illegible] og orlofsálag – fjarvistarálag o.fl.-o.fl.

[illegible]

[illegible]

Þótt grundvallarhlutfallið ákvarðist af sérstöku, t.d. með „krónutölureglu" eða „vísitölubótum", þá hreyfist það hvorki eins og hefðbundin launahækkun á taxtakerfi eins og fjöldi opinberum starfsmönnum en aðrar launastéttir í launasamkomulagi eru háðar óbeinlínis. – Og augljóslega vex en minnkar ekki.



Björn Bjarnason – Þeir þola ekki að sjá launin minnka

Verkalýðsblaðið hafði tal af Birni Bjarnasyni, fyrrver. formanni Landssambands iðnverkafólks. Hann sagði:

"Verðbólgan knýr okkur til að fara þá leið að jafna launin með krónutölu í vísitölubætur.

Þetta vekur greinilega óánægju þeirra sem hærra eru launaðir vegna þess að þeir þola það ekki að sjá launamuninn minnka á pappírnum. Munurinn minnkar hins vegar ekki í raungildi. Eins og nú er fær hálaunamaðurinn raunverulegar grunnkaupshækkanir út á vísitöluna í hvert skipti, á sama tíma og láglaunamaðurinn fær einhverja uppbót. Gegn þessu hef ég barist árum saman.

– VBl: Stefnir þetta ekki samflotinu í voða?

"Maður vonar að minnsta kosti að skilningur hinna sem betur eru settir nægi til þess að samheldnin geti staðist. Landssambönd og einstök félög eru að sjálfsögðu óbundin af þeim sérkröfum sem nauðsynlegt er að felldar verði inn í myndina. Á undanförnum árum hafa samningarnir í raun drabbast niður þar sem allar aukakröfur hafa verið afgreiddar með ákveðinni prósentu. Þannig geta landssambönd og einstök félög sem eru óánægð með hag sinn í samflotinu bætt sína aðstöðu með sérkröfum.

Guðjón Jónsson, formaður Málm- og skipasmíðasambandsins – Ekki að okkar skapi

Guðjón Jónsson, formaður Málm- og skipasmíðasambandsins hafði eftirfarandi að segja við Verkalýðsblaðið:

"Við erum að meta niðurstöðurnar af kjaramálaráðstefnunni. Ég get sagt að samþykkt hennar um grunnkaupshækkanir og vísitölukerfi eru hvorugar að okkar skapi. Við vildum að stefnt yrði á að ná ekki lakari kaupmætti en eftir samningunum '77. Það virðist hins vegar vera nokkuð teigjanlegt hvað það sé í prósentum."

– VBL: Hvaða afstöðu hefur þú til vinnubragða t.d. VMSÍ á kjaramálaráðstefnunni?

"Við erum mótfallnir því að ein verkalýðssamtök geti sett fram úrslitakröfur og sett þannig öðrum samböndum stólinn fyrir dyrnar, vitandi vits að það hlýtur að skerða hjá öðrum launþegasamtökum. Þetta er prinsippafstaða hjá okkur þótt enginn okkar taxta fari yfir 400.000."

– VBL: Snýst þú gegn samfloti nú, í ljósi kjaramálaráðstefnunnar?

"Eins og kringumstæðurnar eru nú held ég að það sé óraunsætt að ætla að einhver ein samtök geti brotist út úr samflotinu og fengið meiri hækkun en önnur. Við getum látið í ljós aðra afstöðu, síðan verður að ráðast hvernig úr því spilast. Til dæmis mætti bæta upp niðurstöður samflotsins með sérkröfum.

Ég vil bæta því við að lokum, að það er ekki hægt að einangra kjaramálin frá stjórnmálaástandinu. Að minnsta kosti þrír þingflokkanna hafa lýst yfir vilja sínum til að skerða væntanlegar verðbætur. Það er vel hugsanlegt að þessir flokkar taki sig saman og hrindi þeirri stefnu í framkvæmd. Við þær aðstæður koma alveg ný viðhorf. Þá myndi slagurinn snúast um að verja það sem við höfum þegar."

"Þetta er það sem samstaða náðist um. Það eru mjög skiptar skoðanir um hvað sé hið rétta í launajöfnuninni. Það er ljóst. Annars hefur þessi lausn tekið töluvert mið af þeim ágreiningi sem uppi er.

Önnur meginforsemdan í þessum samningum er að draga úr launamun á milli þeirra sem eru í ASÍ og þeirra sem eru innan BSRB, – sem er orðinn á mörgum sviðum býsna mikill. Fái BSRB prósentu uppúr, þá yrði það í mikilli andstöðu við okkar vilja."

urstöðu sem varð á kjaramálaráðstefnunni.

Á félagsfundi hjá okkur í gær (17/1) var mótuð kröfugerð félagsins með hliðsjón af niðurstöðunni hjá ASÍ og jafnframt var samþykkt ályktun þar sem félagið áskilur sér allan rétt til að setja fram kröfur á annan hátt varðandi verðbótafyrirkomulag og grunnkaupshækkanir.

Á það er einnig að líta, að við höfum samvinnu við hin bókagerðarfélögin, þ.e. Bókbindarafélagið og Grafíska sveinafélagið sem er ekki í ASÍ.

Samflot innan ASÍ á fullan rétt á sér varðandi sameiginlegar félagslegar umbætur og þar verðum við með, en það er það í fullu samræmi við bréfið sem við sendum ASÍ í nóvember s.l."

Þegar kvennanefnd EIK (m-l) var sett á laggirnar fyrir rúmu ári síðan, fjallaði verkefnaskrá sú, er hún fékk í hendur ekki um að "skipuleggja og leggja drög að nýjum aðferðum til að virkja konur til baráttu", eins og Hergeir hyggur. Mun ég ekki fjalla hér nánar um þá verkefnaskrá, en upplýsa einungis að hún var það viðamikil að kvennanefnd baðst undan að undirbúa kappræðufund EIK (m-l) og Rauðsokkahreyfingarinnar, sem haldinn var á síðasta vetri

Kynnum okkur Rauðsokka – hreyfinguna

Á 8. mars hreyfingin tilverurétt?

Hergeir minnist ekki á 8. mars hreyfinguna í sínum skrifum, en það er ekkert launungarmál að 8. mars hreyfingin varð að mestu til að frumkvæði EIK (m-l).

Ég starfaði með henni síðustu fundi fyrir 8. mars fyrsta árið, og aftur í sumar og það sem af er vetrar. Verkalýðsblaðið snýr sér líklega til mín, þar sem ég átti frumkvæði að því að afstaðan til Rsh. var tekin upp í 8. mars hreyfingunni nú í haust. Einnig höfum við farið allítarlega ofan í saumana á tilurð 8. mars hreyfingarinnar, starfi hennar fram til þessa og hvort hún eigi tilverurétt. Við erum nú að undirbúa viðræður við Rsh. til að kynna okkur almennilega starf hennar og stefnu og til að kanna hvað ber á milli.

Ágreiningsmál 8. mars hreyfingarinnar og Rsh.

1. Í örstuttu máli álítum við að helst muni bera á milli í afstöðunni til fjölskyldunnar. Oft hefur komið fram í skrifum frá einstaklingum í Rsh. að kjarnafjölskyldan sé undirrót kvennakúgunar. Eftir því að dæma nálgumst við öðfluga sósíalisma, því skilnuðum fjölgar svo gífurlega.

2. Við höfum oft vænt Rsh. um að skipulagsform hennar sé of laust í reipunum og enginn sé almennilega í forsvari fyrir henni þótt miðstöð sé til. Vitnum við þá í blaðauppkaup nokkurra kvenna í Rsh. á Forvitin rauð 1976, sem var vissulega furðulegt. En við verðum að gleðjast ef Rsh. hefur breyst, og svo sýnist á tiltökum þeirra í vetur, t.d. hvað varðar góða fundaröð, er hún hélt fyrir áramót. Þetta með skipulagið þurfum við að spyrja þær um.

3. Við höfum einnig álitið Rsh. berjast lítið gegn stéttarsamvinnunni. Þetta veit ég lítið um. Við þurfum að kanna það.

4. Við álítum að varðandi afstöðuna til heimsvaldastefnunnar og heimsástandsins beri okkur á milli. Ég álít að heimsvaldasinnuð utanríkisstefna Sovétríkjanna komi konum alls heimsins mikið við (nú nýjasta dæmið um íhlutun Sovétríkjanna í innanríkismál í Afghanistan), en miðað við baráttustöðuna hérlendis (t.d. ástandið innan SHA þar sem sú hreyfing ræður ekki svo ég viti heimsástandið í heild), þar sem öll afhjúpun á heimsvaldasinnaðri pólitík Sovétrikjanna virðist um áratug eða svo á eftir því sem er í nágrannalöndum okkar. Í fréttum heyrir maður um mótmælagöngur í Íran og mörgum öðrum löndum gegn heimsvaldaásælni Sovétríkjanna og frá Stokkhólmsfundinum sem fjallaði m.a. um stuðning Sovétríkjanna við þjóðarmorð Víetnama í Kampútseu – í ljósi þessa alls finnst mér ekki hægt að setja skýlausar kröfur í breiðfylkingu kvenna hér, varðandi hárrétta pólitík gegn heimsvaldastefnu. Það ætti að reyna að upplýsa hreyfinguna sem best eftir því sem maður upplýsist sjálfur og vinna réttri pólitík þannig fylgi smám saman.

Rsh. hefur gert góða hluti

Rsh. hefur verið til í þessu landi í um það bil áratug. Hún hefur gert margt gott. T.d. eflt íslenskar konur til hugsunar um að þær séu engar óæðri verur, eigi sér tilverurétt til jafns við karla. Einnig að konur hafi fyrir mörgum úrbótum á sinni stöðu að berjast, svo eitthvað sé nefnt. En Rsh. hefur líka gert margar vitleysur. Hún hefur verið of einangruð frá alþýðukonum. Hún þyrfti að beita sér meira.

skiptar skoðanir

Deilur í Eik(m-l) um kvenna vanda – málið

Karlkommar stígi líka skref

Af því ég veit nú að þú, Hergeir, ert karlmaður, og ég er jafnréttissinni (ekki kvenremba svokölluð) og þú sérð glögglega í grein þinni þörfina á kvennabaráttu á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins – þá ætla ég að enda greinina á því að hvetja þig: Yttu á karlkommana alltaf þegar þú hittir þá og biddu þá um að láta af uppeldislegum, þjóðfélagslega sprottnum arfi, sem knýr þá til að líta á sig sem mikilvægari í pólitísku starfi og biddu þá að vanrækja ekki heimilin sín heldur rækta þau, svo að konurnar geti meira losað sig undan ábyrgð á börnum, en nýtt betur kvöldkraftana til hjálpar okkur öllum með réttara pólitísku starfi miðað við bolmagn.

Margt ósagt, húsmóðir.



Rauðsokkahreyfingin og 8. mars hreyfingin hafa átt með sér samstarf – þrátt fyrir allt. Þessi mynd er tekin í Félagsstofnun stúdenta 10. mars 1979, á sameiginlegum baráttufundi Rsh. og 8mh.

Skipakaupamálin –

2. Hvað gerði hann til þess að upplýsa málið fyrir gjaldeyrisdeild Seðlabankans (Halldór sat í stjórn Seðlabankans).

3. Hvar er lögfræðingur Skinneyjar h.f.?

4. Hverjir önnuðst móttöku skipsins í Noregi og greiðslur á kaupverði?

5. Er baksamningsins getið sérstaklega í bókhaldi Skinneyjar h.f. og var hans getið í lánaumsóknunum?

Ritstjóri Þjóðviljans upplýsir að það hafi verið framkv.stj. (Ásgrímur Halldórsson) og lögfræðingur Skinneyjar sem önnuðust alfarið samningsgerðina.

–Æ.

samtíningur

Vita sumir meira en réttarkerfið um skipakaupamálin?



Hann neyddist til að hætta þar vegn
blaðaskrifa um málið og óþverrans
sem þyrlaðist upp. Annars var þetta ný
stóru hneykslismáli. Grjótjötunn var
bara dreginn út úr, einn sér, eingöngu
til að reyna að varpa sök á mig. Það eru
mörg önnur skipakaupamál, sem
mætti kannski allt eins ræða í blöðum,
og þá kæmu kannski upp nöfn manna,
sem enn í dag ganga um göturnar með
ullri reisn. Miðað við dóminn yfir Kr
roun verður gaman að
þrir aðilar

Þessi biti er klipptur úr viðtali við Kristin Finnbogason, forstjóra, sem birtist í tískuritinu LÍF.

Enginn vill kannast við króann...

Svarthöfði sá er skrifar daglega greinar í Vísi hefur löngum verið dularfullur. Enginn hefur fengist til að gangast við honum – en all flestir, og þ.á.m. margir sem starfa við fjölmiðlana hallast að því að Indriði G. Þorsteinsson sé maðurinn með svarta hausinn. Indriði hefur hvorki játað eða neitað, en segir í yfirheyrslu hjá Helgaspóstinum að hann sé "alveg sammála sumu sem Svarthöfði segir." Svarthöfði er afturhaldsmaður, oft fordómafullur og með ýmsar einkennilegar skoðanir og alhæfingar. Indriði G. hefur einnig sýnt svipaða takta, t.d. þegar hann hefur fjallað um alþjóðamál.

Þjóðin númeruð og merkt

Ekki verður ofsögum sagt af þeirri öfugþróun sem á sér stað þegar tölvur og sérfræðingar færa sig uppá skaftið. Nýlegt dæmi um háþróað sérfræðingamálfar sáum við í Morgunblaðinu. Á þar í hlut Sigurður Helgason Flugleiðaforstjóri:

Ekki tilgangur í undirstöðuatv

Það var ekki tilgangur minn að hnýta á nokkurn hátt í undirstöðuatvinnuvegi þjóð HMM:115 TNR:1 JU:0,0arinar, sem eru alls góðs maklegir og án þeirra verður ekki búið í þessu landi.

Hafi ummæli mín getið tilefni til misskilnings biðst ég velvirðingar á því.

Benda má á, að á s.l. ári greiddu Flugleiðir 300 milljónir króna í fé

Við tilheyrum þjóð HMM:115 TNR:1 JU:0,0 vorum byrjuð að vona að nafnnúmerin væru það lengsta sem hægt væri að ganga.



sem ætti að ve
Sú aðferð myndi rjúfa h
gera starfsmönnum þeirr
~~efnilíf~~. varðstöðu
VBL: Mun HÍP þá vera me
"Ég hefði óskað, að ASÍ m
kanna ítarlega hver rau
Þá hefði komið í ljós
ir launahækkun. Þ
a hefði

Prófarkalesara vantar

Verkalýðsblaðið vantar tilfinnanlega prófarkalesara, helst tvo. Hér er um ca. tveggja tíma vinnu milli kl. 12 og 14 annan hvern laugardag. Enn er óljóst hvað blaðið getur greitt fyrir prófarkalesturinn, enda er fjárhagsstaðan í lágmarki um þessar mundir.

Lysthafendur snúi sér til ritstjóra VBL, Frakkastíg 14 eða í síma 29212 kl. 8.30 – 12.30 árdegis.

Ritfregn:

Vinstri andstaðan í Alþýðuflokknum 1926–1930

Bók Þórs Whiteheads um kommúnistahreyfinguna á 3. og 4. áratug þessarar aldar, sem út kom fyrir jólin, hefur vakið mikið umtal. Um hana mun ég rita síðar í VBL. Annað rit kom út fyrir jólin um svipað efni og er hætt við því að færri vita af því. Það er ritgerðin Vinstri andstaðan í Alþýðuflokknum 1926 – 1930, eftir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Er hún 99 bls. auk tilvitnana- og heimildaskrár. Ritgerðina skrifaði Sólrún sem ritgerð til BA-prófs í sagnfræði við Háskóls Íslands. Ritgerðin er gefin út í ritröðinni Framlag sem Fylkingarmenn í HÍ standa að. Er þetta 5. framlagið og tvímælalaust hið besta til þessa.

Sólrún skiptir ritgerð sinni í 7 meginkafla, flesta með allmörgum undirköflum:

1. Alþjóðleg hreyfing kommúnista á árunum 1919–1930.
2. Íslenskt þjóðfélag á árunum 1920–1930.
3. Alþýðuflokkur/Alþýðusambandið, stefna og skipulag.
4. Kommúnistar skipuleggja sig.
5. Höfuðdeiluefni kommúnista og sósíaldemókrata
6. Andstæðurnar skerpast
7. Klofningur Alþýðuflokksins.

Forsíða ritgerðarinnar.

Ekki er ástæða til þess að gera neinn samanburð á ritum Sólrúnar og Þórs. Rit Sólrúnar fjallar um miklu þrengra svið og hún kannar frumheimildir á borð við fundagerðarbók Jafnaðarmannafélagsins Spörtu frá nóvember 1926 til febrúar 1931. Þessi ritgerð er fróðleg lesning og verður ekki annað séð en að hún sé vandvirkislega unnin. Hún á eflaust eftir að skerpa skilning manna á sögu hinnar kommúnísku hreyfingar um og fyrir 1930.

Baldur.

14–16 sagt upp

Í fréttatilkynningu frá P. Stefánssyni og Heklu h. f. um sameiningu fyrirtækjanna, en þau voru fyrir í eigu sömu aðila, segir að vegna hennar "verður ekki komist hjá því að segja upp 12 – 14 starfsmönnum P.Stefánsson h.f. og 2. starfsmönnum Heklu h.f." Með þessum uppsögnum hyggst fyrirtækið fækka fólki um allt að 20%.

Samdráttur framundan

Í ársfjórðunglegri könnun Landssambands iðnaðarmanna kemur í ljós að verulegur samdráttur virðist framundan í byggingariðnaði. Samdrátturinn á sér einkum stað í byggingu íbúðarhúsnæðis, en á 3. ársfjórðungi síðasta árs bættu fyrirtækin sér það upp einkum upp með við-

á döfinni

haldsvinnu á mannvirkjum og vinnu við opinberar byggingar.

Metár hjá SH

30% framleiðsluaukning virðist hafa orðið hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna á síðasta ári. Ekki þurfa þeir að barma sér á þeim slóðum, því umframframleiðslan hefur selst á góðu verði. Hins vegar bíður alþýðan í landinu enn eftir að sjá árangur af stritvinnu sinni í hækkuðu kaupi og betri kjörum. Gróðinn er nefnilega tekinn út í Ameríku.

Einokun í aukana

Flugleiðir yfirtóku Arnarflug á síðasta ári, Arnarflug yfirtók flugleiðir Vængja, og nú hefur systurfyrirtæki Flugleiða, Eimskip, rutt versta samkeppnisaðilanum úr vegi, Bifröst h.f. og Íslensk kaupskip h.f. Skyldi fraktin á Ameríkuleiðum hækka?

Þjóðrembingur eflist

Það virðist vera samantekin ráð hjá stjórnmálamönnum, bæði norskum og íslenskum, að gera sem minnst í Jan Mayen deilunni, þannig að þjóðrembingur og æsingarstefna fái sem mestan byr undir vængi. Hér á Íslandi neitar Benedikt forsætisráðherra að halda fund í viðræðunefndinni um Jan Mayen. Í Noregi dreifa óprúttnir aðilar allskyns sögusögnum, um útfærslu Dana á grænlensku landhelginni, um ofveiðar íslenskra skipa á loðnu o.s.frv. Meðal norskra sjómanna, svo maður tali ekki um útgerðarmenn, færist æ meiri harka í málið. Allt er þetta til að koma í veg fyrir skynsamlega og sanngjarna lausn á málinu.

Met í Kampútseusöfnun

Íslendingar hafa nú heldur berur hrist af sér slyðruorðið. Óopinbert heimsmet Norðmanna í fjársöfnun til handa bágstöddu fólki hefur verið slegið í Kampútseu söfnun hjálparstofnunar kirkjunnar. Það er vel, því söfnun Rauða krossins á síðasta ári til stuðnings flóttafólki í SA-Asíu var mörlandanum til skammar.

frá EIK(m-l)

Breyttur viðtalstí[illegible]K(m-l)

Viðtalstími sá sem auglýstur var í síðasta tbl. Verkalýðsbaaðsins á máundögum kl. 17 – 19, verður hér með fluttur yfir á þriðjudaga sama tíma.

Í viðtalstímanum verður fulltrúi EIK (m-l) til viðtals annað hvort augliti til auglitis eða í síma 29212. Hér er um vikulegan tíma að ræða og staðurinn er í húsnæði Október-forlagsins – bóksölunni á horni Grettisgötu og Frakkastígs í Reykjavík.

Rukkun áskriftargjalda

Nú hafa verið sendir út gíróseðlar til áskrifenda. Við biðjum áskifendur að bregðast fljótt og vel við og senda greiðslu. Á gíróseðlinum er tilgreint til hve langs tíma á að greiða.

Eins og stendur í bréfi sem fylgir gíróseðlinum beinum við þeim tilmælum til áskrifenda að láta eitthvað af hendi rakna umfram áskriftargjaldið. Margt smátt gerir eitt stórt.

Rekstrarstjórn
Verkalýðsblaðsins

Efnahagsstyrkur risaveldanna: Heimvaldastefna og heimsstyrjaldir

Samkeppni risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, mun leiða til heimsstyrjaldar. Þessari niðurstöðu fullyrðingu hafa EIK (m-l) og kommúnistar víða um heim tönnlast á í nokkur ár og gera enn. Hvernig má það vera?

"Styrjaldir koma af brjálsemi þeirra sem ráða fyrir löndum" hugsa menn og segja. Það er rangt. Að baki styrjöldum nútímans, bæði staðbundnum stríðum og heimsstríðum, búa sjálfvirk efnahagslögmál, óviðráðanleg þörf fyrir aukinn gróða.

Skilgreining Lenins á heimsvaldastefnunni gildir enn í dag. Heimsvaldastefnan, hæsta stig kapítalismans, er hagkerfi sem byggist á einokun á heimamarkaði og ásælni í að teigja efnahag annarra landa sínum eigin og blóðmjólka síðan. Heimsvaldaríkin ásælast auðlindir og öruggan markað í öðrum löndum. Til að markaðurinn sé öruggur þarf pólítísk áhrif – áhrifasvæði.

Söguskeið heimsvaldastefnunnar einkennist af baráttu heimsvaldaríkja um heimsmarkaði. Lenín leit svo á að óhjákvæmileg fylgja þess arna væru heimsstyrjaldir. Hvernig? Hann sagði hina beinu orsök vera ójafna þróun stærstu heimsvaldaríkjanna. "Ungt" heimsvaldaríki þróast hraðar en "gamalt", hvað varðar efnahagslegan styrk. Hins vegar kemur vinningur nýrra markaða ekki af sjálfu sér vegna áhrifasvæðanna. Það þarf að ryðja úr vegi þeim heimsvaldaríkjum sem fyrir eru á svæðinu. Heimsvaldaríki kemur af stað heimsstyrjöld vegna ósamræmis sem er á milli framleiðsluafla þess annars vegar og markaðs eða áhrifasvæðis hins vegar. Það er nú, meðal

stríðshættan

sagnfræðinga, nokkuð almenn skýring á heimsstyrjöldunum tveimur að þær hafi einmitt komið af slíku ósamræmi meðal heimsveldanna. Þýskaland þróaðist mun hraðar en "gömlu" heimsveldin, en hafði ekki "lebensraum", lífsrými í samræmi við framleiðslugetu sína.

Er slíkt ósamræmi fyrir hendi í dag og þá hvernig? Því verður svarað í 2. hluta sem birtist í næsta tbl. Verkalýðsblaðsins.

lesendabréf

Hvernig sósíalisma viljum við?

Sú mynd sem við kommúnistar höfum dregið upp af tilvonandi sósíalisma á Íslandi finnst mér soldið svona: Gyltur rammi. Inní: Fullt af vinnandi fólki undir forystu Flokksins í grárri móðu. Ég sé þessa mynd dáldið ógreinilega. Sjáið þið betur í ritnefnd VBL? Ef svo er ekki, hvers vegna hafið þið þá ekki greinarflokk – viðtöl við allskonar alþýðufólk og spyrjið það? hleypið þar með lífi í frasann okkar góða, svo hann hætti að vera frasi: – Frá fjöldanum til fjöldans –.

–e

Ólíkt mat –

Lesanda þykir framkvæmdanefnd miðstjórnar setja sig á háan hest með því að gera lítið úr atkvæðaaukningu Fylkingarinnar í síðustu kosningum.

Því er til að svara að ég tel villandi að skoða kosningaárangur í % – aukningu atkvæða, því þar er sama aukning úr 50 í 150 atkv. og 100 í 300. Aðalatriðið er að skoða tölurnar sjálfar, rúml. 300 atkv. viðbót og tæp 500 atkv. í heild hjá Fylkingunni. Það er rétt hjá bréfritara að aukningin stafar m.a. af því að róttækt fólk hættir við AB og eins af því að t.d. KFÍ/ML bauð ekki fram eins og áður. Einmitt þess vegna finnst mér sigur ekki umtalsverður. Hins vegar er ekkert atriði að menn verði sammála um túlkum kosninganiðurstaða. EIK (m-l) töldu sig vanbúin til þess að standa að vönduðu framboði – er það ekki gild ástæða til þess að geyma framboð?

Ari T. Guðmundsson

Marxisminn um

frh. af opnu.

vegar sést að samruninn er mikill – sérstaklega í gegnum ríkisvaldið.

Fyrirtæki eins og Flugleiðir, Iceland Products (SÍS) og Sölumiðstöðin flytja út verulegt fjármagn. Stór hluti af hagnaði þeirri er fjárfestur erlendis – en nákvæmar tölur eru ekki fáanlegar í bili. Smærri fyrirtæki eins og Prjónastofa Borgarness og Breiðholt h/f (Scanhouse), á sínum tíma, hafa nýtt erlent vinnuafl til að fullvinna íslenskt hráefni eða græða fé í þróunarlöndunum.

Á sviði samganga og matvælaiðnaðar eru íslensku auðhringarnir, Flugleiðir og SH, samkeppnisfærir við hvern sem er. Vegna legu landsins og fábreytni efnahagslífsins getur íslenska einokunarauðvaldið ekki keppt við aðra á mörgum sviðum. En um þessar tvær efnahagsgreinar gegnir öðru máli. SH ræður um 20– 25% freðfiskmarkaðar Bandaríkjanna, en Flugleiðir og dótturfyrirtæki þess eru stórtæk, bæði á Atlantshafsleiðinni og í vöruflutningum (Cargolux er með stærstu fyrirtækjum sinnar tegundar).

Marxisminn aðstoðar okkur við að greina þjóðfélagsgerðina á Íslandi og einstaka þætti hennar. Ef við þekkjum þau atriði er auðveldara að móta baráttustefnu og starfsaðferðir.

–agé.

VBL

Áskrift greiðist á giró 12200-9

Lausasala: kr. 300
1.árs áskrift: kr. 5.000
Stuðningsáskr: kr.10.000
Áskr. til útl: kr. 8.500

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Starfsfólk Flugleiða á námsskeiði. Hversu margt af þessu fólki skyldi nú hafa fengið uppsagnarbréfið?

Sigurður Helgason.

Flugleiðir:

Hvernig er staðið að uppsögnunum?

Eins og kunnugt er af fréttum hafa Flugleiðir sagt upp um 350 starfsmönnum undanfarið ár. Af þeim hafa um 200 hætt störfum, en uppsagnir 150 annara taka gildi 1. apríl n.k. Við töluðum við nokkra starfsmenn Flugleiða um uppsagnirnar, og bentu þeir á hversu mikil óvirðing við lífsafkomu launafólks felst í aðferðunum:

- Flestir fréttu starfsmenn fyrst í gegnum fjölmiðla að fyrir dyrum stæðu uppsagnir. Þeim var gert að bíða milli vonar og óttа í marga daga áður en þeir vissu, hvort þeim hefði verið sagt upp eða ekki.
- Uppsagnir eru tilkynntar hverjum einstökum starfsmanni með heimsendu bréfi. Þannig vita menn ekki hvort þeim einum hefur verið sagt upp í þeirri deild Flugleiða, eða hvort vinnufélagarnir hafa líka fengið uppsagnarbréf.
- Með því að starfsmenn vita ekki hverjum fleirum hefur verið sagt upp störfum, hefur fyrirtækið óbundnar hendur með að reka þá sem það vill losna við - óháð lausn rekstrarvandræða félagsins. Þannig hafa starfsmenn með langan starfsaldur fendið uppsagnarbréf (þeim þarf jú að borga hærri laun en nýliðum), og a.m.k. eitt dæmi er um að trúnaðarmanni verkalýðsfélags hafi verið sagt upp.
- Með uppsagnarbréfum hafa fylgt umsóknareyðublöð um starf að nýju hjá fyrirtækinu. Með þessu vinnur það tvennt: Endurráði það starfsmann, skoðast hann sem nýliði á vinnustað, og missir hann því starfsaldurshækkanir o.þ.h.. Þá er starfsmönnum með þessu haldið lengur milli vonar og óttа. Slíkt vinnur gegn tilraunum til að skipuleggja baráttu gegn uppsögnunum.
- Sú frétt hefur flogið fyrir að segja eigi upp öllum starfsmönnum Flugleiða, svo að fyrirtækið hafi óbundnar hendur til að "mæta rekstarhallanum með viðeigandi ráðstöfunum". Hvort sem þessi fregn er sönn eða ekki er víst, að forráðamenn Flugleiða skirrast ekki við að tefla afkomu launafólks í tvísýnu og spila með framtíð þess á vinnustað - allt til að tryggja afkomu félagsins á kostnað launafólks.

-/ Karl.

Skipakaupsmálin:

Kannski Þjóðviljinn geti svarað þessum spurningum líka?

Hér í blaðinu hefur allnokkuð verið fjallað um svokölluð skipakaupamál. Þann 1. des. s.l. greinir Þjóðviljinn frá málum þessum og rekur skrif okkar í Verkalýðsblaðinu: Það er m.a. getið um feðgana Ásgrím Halldórsson og Halldór Ásgrímsson og eignaraðild þeirra í Skinney h.f., en mál þessa félags vegna skipakaupa frá Noregi hefur verði til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins Þá er minnst á mál Seyðisfjarðarskipsins Gullbergs.

Þjóðviljinn var eina dagblaðið sem sá ástæðu til að setja spurningarmerki við meðferð þessara mála og hafi - ÁI blm. heiður fyrir það.

Ritstjóri vitnar

Síðan gerast stórir hlutir. Þann 11. des. birtist á baksíðu Þjóðviljans klausa undirrituð af ritstjóra Þjóðviljans. Það er fullyrt að Halldór Ásgrímsson hafi engan þátt átt í ákvörðunum um kaup togarans Skinneyjar og hvergi komið nálægt samningsgerð. Í klausu ritstjórans er eignarhluti Halldórs í Skinney h.f. staðfestur. Að lokum er sagt að öll viðskipti sem til rannsóknar hafa verið séu skráð í bókhald Skinneyjar, þar á meðal meðferð gjaldeyrismála.

Við lestur þessarar ritstjórayfirlýsingar vakna ýmsar spurningar og athugasemdir. Til að byrja með: Ritstjórinn er að þvo af Halldóri ásökun sem ekki hefur komið fram, hvorki í Verkalýðsblaðinu né í grein ÁI í Þjóðviljanum, þ.e. að hann hafi átt hlut í ákvörðun og samningsgerð. Til hvers?

Nokkrar spurningar

Mál þetta er eitt þeirra mála þar sem baksamningur var gerður, til þess að hafa meira fé út úr banka en raunverulegt kaupverð skipanna gaf ástæðu til. Vegna skrifa ritsjóra Þjóðviljans vakna spurningar eins og:

1. Hvenær hafði Halldór Ásgrímsson fyrst spurnir af baksamningnum?

frh. á síðu 6


áskrifendur
fjárhagsstaða
Formið sem hér er kynnt verður notað öðruhvoru, reglulega eða óreglulega eftir atvikum, til að kynna lesendum stöðu blaðsins hverju sinni og gefa þeim innsýn í hverju það bróast einhagslega.
Efst til vinstri er málirinn fyrir áskrifendur. Hann er nú í jafnvægi, þ.e. hvorki hefur þeim fækkað né fjölgað þar sem við höfum ekki enn ákveðið tímabil, sem mæla á. Það verður kannske tvær mánuðir, kannske einn.
Efst til hægri er svo málirinn fyrir fjárhagsstöðu blaðsins og sá á að sýna hvort hún batnar eða ekki. Að vísu verður að taka það fram að
STAÐA VBL NÚ
blaðið er rekið með tapi, þannig mælirinn sýnir líka hvort tapið minnkar eða eykst.
Stóra myndin neðst sýnir okkur svo lausasöluna frá blaði til blaðs. Punktalínan sem við höfum gert þvert yfir hlómyndina á að sýna meðaltalssölu blaðsins. Það er einhver gefulag tala sem sveiflurnar á súlunni verður miðuð við.
100%
Sala blaðs miðað við meðaltal sett sem 100.
Tbl. Nr.:
1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15

Athugasemd vegna Skinneyjarmálsins:

Halldór Ásgrímsson átti ekki hlut að ákvörðunum

Vegna ummæla um Halldór Ásgrímsson alþingismann í Þjóðviljanum laugardaginn 1. desember sl. þykir rétt að taka fram:

Þjóðviljinn hef r kynnt sér málsatvik og verða þau ekki rakin hér nema hvað fullyrt skal að Halldór Asgrímsson átti engan hlut að ákvörðunum um kaup mb. Skinneyjar. Hann kom hvergi nálægt samningsgerð um kaup á skuttogaranum, en hana önnuðust alfarið framkvæmdastjóri fyrirtækisins og lögfræðingur þess.

Eignarhluti Halldórs Ásgrímsson í Skinney h.f. er í 2/3% samkvæmt hluthafaskrá Austur-Skaftafellssýslu enda fyrst og fremst til komin í því skyni að uppfylla skilyrði hlutafjárlaga.

Rannsókn Skinneyjar-málsins hefur tafist af ýmsum ástæðum og vegna frekaðra frestana, en yfirheyrslum er nú lokið. Þess skal getið að öll þau viðskipti, sem til rannsóknar eru, þar á meðal meðferð gjaldeyrismála, eru skráð í bókhald Skinneyjar h.f.

Ritstjóri

Hvað tefur rannsókn skipakaupamálanna?

Verið að hlífa framámönnum í Framsókn?

Samfylking gegn innrás Rússa

EIK (m-l) hafa boðað alla stjórnmálaflokka og ungmennasamtök þeirra auk herstöðvaandstæðinga til viðræðna um mögulegt samstarf til að mótmæla innrás Sovétríkjanna í Afghanistan. Á fund sem haldinn var 12. jan. sl. mættu fulltrúar Sambands ungra Sjálfstæðismanna, Sambands ungra Framsóknarmanna, KFI/ML, Alþýðubandalagsins og SHA auk fulltrúa EIK (m-l). Að auki mættu þarna nokkrir einstaklingar. Á fundinum var ákveðið að fulltrúarnir bæru undir samtök sín, hvort þau gætu tekið þátt í aðgerðum á þeim grundvelli að mótmæla innrásinni sem brot á sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétti Afghanistan og krefjast þess að Sovét dragi her sinn til baka þegar í stað.

Að sögn fulltrúa EIK (m-l) í viðræðum þessum var annar fundur haldinn 16. jan. þar sem ljóst var að þessir aðilar geta staðið saman að aðgerðum. Samtök herstöðvaandstæðinga vilja hins vegar engan þátt taka. Viðkvæðið er gamalkunnugt, þeir eru bundnir af gamalli samþykkt miðnefndar um að samfylkja ekki með öðrum samtökum.

Þriðji fundurinn verður líklega um þá helgi sem VBL verður prentað. Þar verður reynt að fá fleiri flokka en þá sem hafa mætt fram að þessu, gengið frá grundvelli aðgerða og ákveðið með hvaða sniði þær verða.

Lesendur Verkalýðsblaðsins eru beðnir að fylgjast með auglýsingum, mæta í mótmælaaðgerðir og draga fólk með sér.

..

Kampútseu-tónleikar

Verkalýðsblaðið hitti Þórkötlu Aðalsteinsdóttur, eina af sprautunum í Kjarabót. Við spurðum hana um tónleikana til stuðnings Kampútseu-mönnum, sem haldnir verða 9. febrúar n.k. í Austurbæjarbíói.

"Þetta er nokkurs konar endir sem verður hnýttur á söfnun Hjálparstofnunar kirkjunnar. Þeir sem koma fram eru Fræbblarnir, Snillingarnir, partur af Þursaflokknum sem fær aðstoð vina og kunningja, auk okkar í Kjarabót.

Það gefa allir framlag sitt á þessa tónleika, tónlistarfólkið, starfsfólkið í Austurbæjarbíói. Húsið gefur eftir leiguna og Tónkvísl lánar hljómflutningstæki endurgjaldslaust.

Guðmundur Einarsson, frkv. stjóri Hjálparstofnunarinnar mun kynna á tónleikunum.

Forsalan verður í Fálkanum og miðinn kostar 5000 kr." sagði Þórkatla að lokum.

Verkalýðsblaðið hvetur alla sem vettlingi geta valdið að tryggja sér miða á tónleikana og binda þannig glæsilegan endi á velheppnaða söfnun Hjálparstofnunar kirkjunnar.

..